

Stafræn tækni = þáttökuhindrun?

Margir líta á aukna stafræna tæknivæðingu sem leið til að auðvelda og auka þáttöku einstaklinga. En fyrir fólk með málstol og aðra tjáskiptaskerðingu getur hún þýtt hindranir á sjálfstæði og þáttöku í samfélaginu. >>



>> Opinber þjónusta hefur færst í meira mæli yfir á netið sem veldur því að ýmsir í þessum hópi eiga erfitt með að sinna almennum daglegum störfum án aðstoðar, s.s. að sjá um fjármál, skila skattskýrslu, sækja um þjónustu og úrræði á vegum hins opinbera og fleira. Vandinn liggur í því að þessi rafrænu kerfi, vefsíður og gáttir eru ekki þróaðar með þarfir þessa hóps í huga. Þessi vandi snýr því að lýðræði, þátttöku og aðgengi.

Aukum aðgengi að stafrænum heimi

- notum þær verklagsreglur og staðla sem settir hafa verið fram til að auka aðgengi fatlaðra að upplýsingum.
- prófum vefsíður og vefþjónustukerfi með notendum með málstol.
- bjóðum fræðslu í notkun stafrænnar tækni fyrir þá sem þurfa.
- setjum á fót þjónustuaðila sem aðstoðar þá sem þurfa stuðning í viðkvæmum rafrænum samskiptum. Hér þarf þó að stýra aðgangi.
- gefum rúman tíma á vefsíðum svo einstaklingar séu ekki útskráðir áður en þeir ná að ljúka sínum málum.

Bjóðum annan valkost

Ákveðinn hópur mun af ýmsum orsökum ekki geta sinnt sínum málum rafrænt. Þessum einstaklingum þarf að bjóðast persónuleg þjónusta.

www.heilaheill.is